



**26. fundur stjórnarnefndar Þjóðskjalasafns Íslands haldinn þriðjudaginn 23. júní 2026
kl. 12 í húsakynnum safnsins að Laugavegi 162 í Reykjavík.**

Fundinn sátu Valur Ingimundarson formaður, Erla Hulda Halldórsdóttir, Gunnar Örn Hannesson, Óskar J. Sandholt, Ragna Kemp Haraldsdóttir og Jóna Símónía Bjarnadóttir. Enn fremur sátu fundinn Hrefna Róbertsdóttir þjóðskjalavörður, Kristján Þorvaldsson sviðsstjóri rekstrar og Njörður Sigurðsson aðstoðarþjóðskjalavörður sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Yfirlit yfir starfsemi frá þjóðskjalaverði
2. Húsnæðismál
3. Fjármál
4. Yfirfærsla Borgarskjalasafns og Héraðsskjalasafns Kópavogs
5. Aðföng á árinu 2025–2026 – Sundaborg 11 tekin í notkun
6. Vettvangsferð í Sundaborg

Valur Ingimundarson formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Valur nefndi við upphaf fundar að í ár væri síðasta skipunarár nefndarinnar. Síðan var gengið til dagskrár.

1. Yfirlit yfir starfsemi frá þjóðskjalaverði.

Þjóðskjalavörður fór yfir fréttir úr starfseminni. Greindi hún frá að samningur við Háskóla Íslands um kennslu í hagnýtri skjalfræði, sem er 40 eininga örnám hefði verið undirritaður í júní. Þá gerði Þjóðskjalasafn nýjan stofnanasamning við Visku og gildir hann frá 1. maí 2026. Vorráðstefna safnsins var haldin 3. júní síðastliðinn og var þema ráðstefnunnar rafræn skil afhendingarskyldra aðila og voru fyrirlesarar meðal annars sérfræðingar frá Ríkisskjalasafni Danmerkur. Framundan eru Vestnorrænir skjaladagar á Grænlandi í september sem er ráðstefna þjóðskjalasafna Íslands, Færeyja og Grænlands. Samhliða ráðstefnunni kemur út greinasafn um skjalasöfn. Þann 24. september verður svo rannsóknardagur Þjóðskjalasafns og verður hann að þessu sinni tileinkaður stjórnsýsluhlutverki safnsins og samhliða kemur út greinasafn um efnið.

Til máls tók Hrefna Róbertsdóttir.

2. Húsnæðismál.

Þjóðskjalavörður fór yfir stöðu húsnæðismála safnsins. Frumathugun á framtíðarhúsnæði fyrir Þjóðskjalasafn var lokið í október 2025 og var niðurstaðan kynnt fyrir ráðherra í janúar 2026, en enn liggur ekki fyrir hvert framhaldið verður. Í júní 2026 var nýtt varðveisluhúsnæði að Sundaborg tekið í notkun og varðveisluhúsnæði Borgarskjalasafns í Vatnagörðum verður tekið til leigu af Þjóðskjalasafni frá 1. nóvember næstkomandi. Gert er ráð fyrir að húsnæði safnsins að Höfðabakka verði tekið úr notkun í haust. Auglýst hefur verið eftir nýju varðveisluhúsnæði fyrir menningarstofnanir en tilboðsfrestur rann út fyrir helgi og er verið að fara yfir tilboð sem bárust.

Til máls tóku Hrefna Róbertsdóttir, Erla Hulda Halldórsdóttir, Valur Ingimundarson, Óskar J. Sandholt, Njörður Sigurðsson, Ragna Kemp Haraldsdóttir og Kristján Þorvaldsson.



3. Fjármál.

Sviðsstjóri rekstrar kynnti stöðu rekstrar safnsins. Hann fór yfir rekstraryfirlit ársins 2025. Heildarþjárfærheimild var 1.123 m.kr. Tap var á rekstri um 50 m.kr. á árinu. Það sem af er árinu 2026 er safnið 50 m.kr. yfir áætlun sem er breyting frá því síðasta ári. Fjárfestingarframlag lækkar verulega á milli ára úr 190 m.kr. árið 2025 í 32 m.kr. árið 2026. Ástæðan er einkum að árið 2025 var fjárfest í hillukerfi í Sundaborg, hugbúnaði fyrir skjalaskrárkerfi og öryggiskerfi. Jafnframt fór hann yfir að hagræðingarkrafa samkvæmt fjárlagaáætlun 2027–2031 væri um 3–5% árlega.

Til máls tóku Kristján Þorvaldsson, Gunnar Örn Hannesson, Valur Ingimundarson, Njörður Sigurðsson,

4. Yfirfærsla Borgarskjalasafns og Héraðsskjalasafns Kópavogs.

Aðstoðarþjóðskjalavörður fór yfir stöðu á yfirfærslu safnkosts Borgarskjalasafns og Héraðsskjalasafns Kópavogs til Þjóðskjalasafns. Í máli hans kom fram að um 58% af safnkosti Borgarskjalasafns hafi verið afhentur til Þjóðskjalasafns í 1.236 afhendingum sem telja samtals 5.476 hillumetra. Gert er ráð fyrir að safnkostur Borgarskjalasafns verði að fullu afhentur til Þjóðskjalasafns þann 1. nóvember næstkomandi. Tveir starfsmenn Borgarskjalasafns hafa þegið störf í Þjóðskjalasafni og hefur einn þegar hafið störf. Þá hefur Þjóðskjalasafn ráðið fjóra starfsmenn til að sinna auknum verkefnum vegna yfirfærslu á verkefnum og safnkosti Borgarskjalasafns. Um 11% af safnkosti Héraðsskjalasafns Kópavogs hefur verið afhentur til Þjóðskjalasafns í 30 afhendingum sem telja 222 hillumetra. Áætlun um yfirfærslu hefur verið uppfærð til 31. desember 2026. Starfsmanni Héraðsskjalasafns Kópavogs hefur verið boðið starf í Þjóðskjalasafni þegar safnkostur hefur að fullu verið færður til Þjóðskjalasafns.

Til máls tóku Njörður Sigurðsson, Óskar J. Sandholt, Erla Hulda Halldórsdóttir, Gunnar Örn Hannesson, Kristján Þorvaldsson og Hrefna Róbertsdóttir.

5. Aðföng á árinu 2025–2026 – Sundaborg 11 tekin í notkun.

Aðstoðarþjóðskjalavörður gerði grein fyrir aðföngum til Þjóðskjalasafns 2025–2026. Metár var í viðtöku skjala, bæði á pappír og rafrænu formi, árið 2025 og fram á árið 2026. Alls voru skráð í afhendingarskrá safnsins árið 2025 6.720 hillumetrar pappírsskjala og 3.261 gígabæt rafrænna gagna. Á þessu ári hafa verið skráð í afhendingarskrá safnsins 2.708 hillumetrar pappírsskjala og 1.236 gígabæt af rafrænum gögnum í 1.225 afhendingum. Einnig fór aðstoðarþjóðskjalavörður yfir framkvæmdir við nýtt varðveislurými í Sundaborg 11 sem var tekið í notkun í júní. Alls hefur vinna við að útvega húsnæði í Sundaborg 11 og gera nothæft til vörslu skjala tekið um 30 mánuði, frá því að viðræður hófust um leigu á húsnæðinu og þar til það var tilbúið til notkunar. Sundaborg 11 er um 600 fermetrar að gólfleti með 7–8 metra lofthæð. Hillukerfi í húsnæði var keypt eftir útboðsferli frá Rými og er frá hollenska framleiðandanum Bruynzeel. Um er að ræða rafdrifið hillukerfi á tveimur hæðum sem tekur um 14.000 hillumetra pappírsskjala.



Til máls tóku Njörður Sigurðsson, Gunnar Örn Hannesson, Ragna Kemp Haraldsdóttir, Hrefna Róbertsdóttir, Valur Ingimundarson og Kristján Þorvaldsson.

6. Vettvangsferð í Sundaborg.

Farið var í vettvangsferð í Sundaborg þar sem nýtt varðveislurými og hillukerfi var skoðað.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:52.

Undirritunarsíða

Valur Ingimundarson

Gunnar Örn Hannesson

Óskar Jörgen Sandholt

Erla Hulda Halldórsdóttir

Jóna Símonía Bjarnadóttir

Ragna Kemp Haraldsdóttir